

## 13. Frístundastarfsemi

### 13.1 Frístundaheimili (1. - 4. bekkur)

Í skólanum er starfrækt frístundaheimili fyrir þá nemendur í 1. – 4. bekk sem þurfa gæslu eftir að hefðbundnum skóla lýkur. Fyrir slíka gæslu þarf að greiða ákveðið gjald. Starfsemi Vinaheima heyrir undir Skóla og frístundasvið en er hvorki rekin né stjórnað af Ölduselsskóla. Sótt er um dvöl á frístundaheimili á rafrænu formi í *Rafrænni Reykjavík*.

Allar upplýsingar um frístundastarf Reykjavíkurborgar eins og hlutverk, opnunartíma og gjaldskrá má finna á vef Reykjavíkurborgar á eftirfarandi slóð:

<http://reykjavik.is/thjonusta/fristundamidstodvar>

Símanúmer Frístundarheimilisins Vinaheima er: **411-7479 / 695-5036**

### 13.2 Frístundastarf á miðstigi (5. - 7. bekkur)

Ekki er starfrækt eiginlegt frístundastarf í Ölduselsskóla fyrir nemendur í 5. – 7. bekk. Hins vegar hafa kennarar árgangs 7. bekkjar haldið utan um nokkrar uppákomur þar sem 7. bekkur notar tækifærið og safnar í sjóð fyrir ferðalag eins og ferð í skólabúðir. Nemendur í 5. -7. bekk eiga kost á því að vera í félagsstarfi í félagsmiðstöðinni Hólmaseli en opið er fyrir 5. og 6. bekk sér á þriðjudögum og svo 7. bekkinn á fimmtudögum. Opið er á milli klukkan þrjú og fimm báða dagana.

### 13.3 Félagsmiðstöðvar (8. – 10. bekkur)

Nemendafélag Ölduselsskóla er í góðu samstarfi við félagsmiðstöð hverfisins Hólmasel. Starfsmenn Hólmasels styðja við félagsstarfið með því að leggja til starfsmenn í gæslu á uppákomum nemendafélagsins. Nemendur í 8. – 10. bekk Ölduselsskóla geta sótt viðburði félagsmiðstöðvar Hólmasels ásamt nemendum Seljaskóla.

Nemendafélag Ölduselsskóla undir umsjón eins félagsstarfskennara heldur úti öflugum félagsstarfi fyrir nemendur í 8.-10. bekk skólans.